

### **35. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

1. gr.

Í 2. gr. i lögum 14. des. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje komi  $\frac{4}{5}$  fyrir  $\frac{2}{5}$ .

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. næstkomandi og gilda til 1. jan. 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna þess að stjórnin flytur 2 frumvörp, sem hækka gjöld til rikissjóðs á sjávarútveginum, hefir þótt rjett jafnframt, vegna jafnvægis milli atvinnuveganna, að hækka ábúðarskattinn. Hækkun þessi mun nema alls h. u. 40000 á ári. Vegna þess að fasteignamatinu er enn ekki lokið, og auk þess fyrirsjáanlegt, ef reynt verður að samræma matið, að fasteignaskattur verður ekki bygður á því næsta ár, þá hefir stjórnin ekki sjeð sjer fært nú að koma með skatt á fasteignum, en flytur nú að eins þessa bráðabirgðabreytingu á ábúðarskattinum.